

**Nd.**

## **9. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flm.: Thor Thors.

### **1. gr.**

1. gr. laganna skal orða svo:  
Rétt til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða eiga allir, karlar og konur, sem:

- 1) eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
- 2) eru islenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
- 3) eru fjárráðir,
- 4) hafa óflekkað mannorð,
- 5) hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **3. gr.**

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 59 14. júní 1929 og gefa þau út svo breytt.

## **Greinargerð.**

Breytingar þær, sem samkv. frv. þessu er ætlazt til, að gerðar verði á gildandi löggjöf um kosningarrétt í málefnum sveita og kaupstaða, eru tvær. Í fyrsta lagi, að í stað þess, að nú er þess krafizt sem skilyrðis til kosningarréttar, að menn séu fjár síns ráðandi, skal það framvegis vera nægilegt, að menn séu fjárráðir. Í öðru lagi, og má það teljast aðalbreytingin, eru síðustu leifar þess skilyrðis löggjafarinnar, að menn standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstýrk, algerlega afnumdar.

Alþingi því, er nú situr, er ætlað að samþykkja til fullnustu breytingar á stjórnarskrá vorri, er rýmka kosningarrétt til Alþingis líkt og hér er ráðgert um kosningarrétt í málefnum sveita og kaupstaða. Þykir hlýða, að þetta tvennt fari saman.

Nánar í framsögu.